



TÓNLISTARSAFN
ÍSLANDS



SKÝRSLA FORSTÖÐUMANNNS

september 2009

I. sýning

Dropar úr íslensku tónlistarlífi

Viðfangsefni

Sýningin stóð yfir dagana 9. maí - 9. september 2009 og tók til eftirfarandi:



Myndir af nokkrum þeirra muna sem sýndir voru

1. Ríkisútvarpið – Þar sem dagskrá Ríkisútvarpsins hefur allt frá byrjun verið mikilvægur þáttur í miðlun skapandi og flytjandi tónlistar á Íslandi voru sýnd nokkur elstu tæki sem notuð voru til þeirrar miðlunar. Má nefna elstu hljóðritunartækin, svokölluð vaxhólkataeki, þá stálþráðstæki, plötuspilara, plötuskurðarvél, segulbandstæki elsti hljóðnemi Útvarpsins og segulbandstæki. Vöktu þessi tæki mikla athygli gesta á öllum aldri.
2. Árni Kristjánsson – Árni mun til frambúðar vera „til staðar“ í Tónlistarsafni Íslands þar sem afkomendur hans sýndu safninu þá virðingu að ánafna því Stainway & Sons flygil Árna sem samkennarar hans og nemendur gáfu honum á 60 ára afmælinu 1966. Þá voru til sýnis nokkrir munir úr búi Árna, en safnið á bæði nótur og bækur Árna sem sýndar verða síðar. Á sýningaropnun léku Jónast Ingimundarson og Ágústa Hauksdóttir þjóðsönginn á flygilinn í fjórhentri útsetningu tónskáldsins.
3. Sveinbjörn Sveinbjörnsson – Tónlistarsafn Íslands hefur eignast fjölda persónulegra muna úr dánarbúi Sveinbjörns Sveinbjörnssonar, fyrsta tónskálds íslendinga. Er um að ræða ýmis mjög mikilvæg bréf er varða samskipti fjölskyldunnar gegnum árin svo og fjölda muna úr búi hans og konu hans Eleanor. Sótt hefur verið til Fjárlaganefndar Alþingis um fjárhagslegan styrk til að setja upp stóra sýningu til heiðurs tónskáldinu.
4. Jón Leifs – Til að minnast Jóns fékkst að láni ferðaorgel sem hann notaði við söfnun íslenskra þjóðlaga á 3. og 4. áratug 20. aldar. Vonandi gefst tækifæri síðar til að gera Jóni betri skil með sértækri sýningu.
5. Björn Ólafsson – Tónlistarsafni Íslands var gefin fyrsta fiðla Björns Ólafssonar. Guðný Guðmundsdóttir fiðluleikari flutti verk eftir Sveinbjörn Sveinbjörnsson, ásamt Jónasi Ingimundarsyni við sýningaropnun, 9. maí sl..
6. Páll Ísólffsson – Fjöldi muna úr búi Páls Ísólffssonar er varðveittur á Byggðasafni Árnesinga. Sem liður í að fullnusta 3. grein stofnskrár Tónlistarsafn Íslands þar sem segir: „...og skal í

þeim tilgangi leita samstarfs við aðrar stofnanir sem varðveita tónminjar...“ voru munir úr búi Páls fengnir að láni á þessa fyrstu sýningu Tónlistarsafns. Verða Páli gerð betri skil síðar með sértækri sýningu.

7. Rögnvaldur Sigurjónsson – Fengnir voru að láni munir úr búi Rögnvaldar Sigurjónssonar píanóleikara. Mátti þar sjá m.a. allar hljómplötur sem hann lék inná, úrklippubók, handrit af margfrægum útvarpsþáttum auk tónsmíða. Þessum munum hefur nú verið skilað, en úrklippubók og handrit skönnuð inn til frekari varðveislu og rannsókna síðar.
8. Ingólfur Guðbrandsson/Pólýfónkórinn – Á sýningunni mátti sjá allar útgáfur Pólýfónkórsins, úrklippubók stjórnandans, ýmsar heiðursgjafir og fl. er tengdust 30 ára starfi kórsins. Að frumkvæði afkomenda Ingólfs var stofnaður sérstakur minningarsjóður við safnið, og bærust um 180.000 krónur sérstaklega til minningar um Ingólf. Verður þessum peningum ráðstaðafað síðar til rannsókna og miðlunar á sögu kórsins.
9. Handrit – Handritadeild Landsbókasafns Íslands-Háskólabókasafns lánaði sýningunni myndir af miðaldahandritum sem tengjast músík (sjá lið 6 um samstarf safna). Auk þess voru sýndar eftirgerðir af skinnhandritum, prentaður Grallari, kvæðahandrits Ólafs á Söndum og tónfræðihandrit Ólafs Brynjólfssonar (sjá síðar um útgáfur).

Gestafjöldi

Fjöldi gesta var við opnun sýningarinnar og fyrstu dagana á eftir. Þegar líða tók á júnímánuð fækkaði gestum til muna og má segja að í síðari hluta júnímánaðar, júlí og ágúst hafi „dottið inn“ einn og einn gestur. Mun þetta vera í takt við það sem gerist í öðrum söfnum landsins á þessum árstíma. Gestafjöldi fyrir maí-ágúst er eftirfarandi: **maí: 350, júní 50, júlí 80, ágúst 30**. Þetta eru ekki nákvæmar tölur, en gefa mynd af stöðunni.

Kynningar í fjölmiðlum

Almenningi er smám saman að verða ljós tilvist Tónlistarsafns Íslands, ekki síst vegna kynninga sem birst hafa í fjölmiðlum. Grein birtist í vikuritinu Birtu fljótlega eftir stofnun safnsins og einnig kom forstöðumaður í viðtal í þættinum Morgunfrúin á Rás 1 í byrjun júní. Í kjölfarið urðu viðbrögðin mjög jákvæð og höfðu nokkrir samband við safnið, bæði með fyrirspurnir svo og vegna áhuga á að ánafna safninu muni til varðveislu.

Erindi til safnsins

Það færist í aukana að einstaklingar koma með fyrirspurnir til safnsins. eru það bæði nemendur á ýmsum skólastigum, kennarar og almenningur. Þá eru regluleg samskipti við Kanadamenn af íslenskum ættum vegna rannsókna og fyrirlestraferða forstöðumanns til Kanada.

Samstarf við skóla

Mikill og vaxandi áhugi er á Ísmús gagnagrunninum meðal almennings og í skólakerfinu. Er Jón Hrólfur Sigurjónsson, sem starfað hefur í safninu í sumar, byrjaður að koma upp tengslaneti við kennara með það í huga að skapa samstarf við safnið um þær heimildir sem þar er miðlað. Er komið á samband við leikskóla, grunnskóla og unnið er að því að skapa tengsl við Menntaskólann í Kópavogi. Einnig hafa kennarar á Húsavík sýnt áhuga á að taka þátt í samstarfi við safnið um Munnlega geymd.

Starfsmenn

Arnheiður Ósk Ásgeirsdóttir kom inn sem starfsmaður skv. samningi Kópavogs við Vinnumálastofnun til að vinna ljósmyndir sem tengist verkefni *Orgel í íslenskum kirkjum*. Verkefnið er hluti Ísmús gagnagrunnsins og munu myndirnar birtast í endurbættum Ísmús þegar forritun viðmóts er frágengið. Arnheiður hefur einnig heimsótt kirkjur á höfuðborgarsvæðinu og myndað þær fyrir verkefnið. Arnheiður hefur þegar skráð allar myndirnar í grunninn, en þær skipta þúsundum. Hún vinnur nú við að yfirfara eldri myndir og laga þær að væntanlegu nýju birtingarviðmóti. Sex mánaða samningur við Aðalheiði rennur út nú í október og er unnið að því að framlengja hann um aðra 6 mánuði á sömu forsendum og áður vegna videomyndefnis í sama grunni.

Tveir starfsmenn, Hulda og Þórdís, hafa unnið um tíma við klippingar á hljóðefni fyrir verkefni *Munnlegri geymd* (Þjóðfræðaeftirritun Árnastofnunar). Þær eru í hlutastarfi og starfa skv. samningi við Tryggingastofnun.

Jón Hrólfur Sigurjónsson hefur unnið fulla vinnuviku í allt sumar við ýmis þróunarverkefni á vegum Tónlistarsafns. Má þar nefna samstarfsverkefni við skóla sem áður hefur verið minnst á svo og hugmyndavinnu við tæknilega uppbyggingu á safninu. Þá hefur hann leyst forstöðumann af í sumarleyfi.

Styrkumsóknir

Sótt var um styrk til Fjárlaganefndar að upphæð 4.000.000 til að setja upp sýningu um Sveinbjörn Sveinbjörnsson tónskáld. Beðið er eftir ákvörðun nefndarinnar.

Sótt var um styrk upp á 10.000.000 til Menningarsjóðs Landsbanka Íslands til gagnagrunnsforritunar á vegum safnsins.

Ísmús gagnagrunnur

Ísmús gagnagrunnurinn verður umfangsmesti menningargagnagrunnur á Íslandi þegar hann verður opnaður almenningi í nýrri mynd. Ráða þarf forritara í 3 mánuði til að ljúka nýju viðmóti grunnsins.

Ísmús er uppbyggður sem rannsóknargagnagrunnur, og er ætlað að hýsa og miðla upplýsingum um íslenska tónmenningu. Þegar má finna í grunninum:

1. Hljóðrit – Afrit af elstu hljóðritunum á Íslandi af vaxhólkum, úr safni Jóns Leifs og Jóns Pálssonar.
2. Handrit – Myndir af allfestum íslenskum tónlistarhandritum frá um 1100 fram á nítjándu öld.
3. Munnleg geymd – Afrit af viðtölum við um 2000 Íslendinga sem hljóðrituð voru á sjöunda og áttunda áratug 20. aldar - þegar endurbættur Ísmús verður hægt að heyra um 1000 klukkustundir, eða um 20.000 hljóðskrár.
4. Orgelgrunnur – Í grunninum eru nú ljósmyndir af nær öllum kirkjum á Íslandi utan sem innan með sérstaka áherslu á orgel kirknanna. Þessar myndir munu birtast í nýjum Ísmús.
5. Þjóðlagasafn sr. Bjarna Þorsteinssonar – Bókin sem kom út fyrir 100 árum er 1000 blaðsíður og grundvallarrit um íslenska tónmenninga fyrr á öldum. Bókin hefur þegar verið undirbúin til miðlunar í Ísmús í samvinnu Árnastofnunar og Músíkur og sögu ehf.
6. Tónlistarmannatal – Ísmús er þannig byggður að víkka má grunninn út til nýrra verkefna eftir því sem þurfa þykir. Tónlistarmannatal er hugmynd sem fram hefur komið og talsverð hugmyndavinna hefur verið lögð í. Þar yrðu birtar ítarupplýsingar um íslenska tónlistarmenn fyrr og nú, og meðal annars byggt á tónleikaskrá sem Músík og saga hefur safnað allt aftur fyrir aldamótin 1900.

Ísmús gagnagrunnurinn fellur fullkomlega að markmiðum Tónlistarsafns um skráningu og miðlun tónlistararfs Íslendinga fyrr og nú.

Vefsíða

Forstöðumaður hefur séð um vefsíðu safnsins og reglulega uppfærslu hennar. Þegar eru aðgengilegar myndir af öllum munum sem sýndir voru á 1. sýningu safnsins og unnið er að því að setja inn myndir af þeirri sýningu sem nú stendur yfir - sjá hér neðar undir Horft til framtíðar.

Stofnfé og styrkir

Ljóst er að til þess að ná markmiðum í stofnskrá er snúa að því að „ tryggja almennt aðgengi og upplifun með nýjustu tækni“, þ.e. að skrá og miðla upplýsingum um einstaka þætti íslenskrar tónlistarsögu, þarf að koma til myndarlegt „stofnfé“. Þá þarf að skrá bókakost safnsins og gera elstu bækur hans aðgengilegar á Netinu. Leita þarf styrktaraðila meðal einstaklinga og stofnana til að af þessu megi verða.

Geymslur

Safnið hefur fengið aðgang að geymslum undir nýju safnaðarheimili Kópavogskirkju. Mikilvægt er að ganga frá því húsnæði þannig að það uppfylli kröfur sem gerðar eru til slíks húsnæðis.

2. sýning

Heilbrigð æsk - pönkið & Kópavogurinn 1978 1983



Sýningin var opnuð 19. september 2009 kl. 13.00 að viðstöddu fjölmenni. Sýningin, sem var styrkt af Lista- og menningarráði Kópavogs, var unnin og hönnuð af Pétri Ólafssyni og Aðalheiði Erlendsdóttur. Í tengslum við opnunina léku hljómsveitirnar Blót, HFF og nokkrir meðlimir hljómsveitarinnar Fræbbblarnir í Molanum, fyrir fullum sal.

Við opnunina bauð forstöðumaður gesti velkomna, þá flutti Sigurrós Þorgrímsdóttur formaður Lista- og menningarráðs Kópavogs ávarp og í framhaldi af því opnaði Ómar Stefánsson formaður bæjarráðs Kópavogs sýninguna. Þá flutti Dr. Gunni gestum nokkra punkta úr sögu pönkmenningarinnar á sinn einstaka hátt.

Áhugi fyrir safninu er vaxandi, ekki síst þeirri sýningu sem nú stendur yfir. Hefur dagskrárgerðarmaður á Rás 1 haft samband með það í huga að koma henni að í dagskránni svo og fréttamaður Fréttablaðsins, sem vill segja frá henni.

Horft til framtíðar

Eins og nefnt er hér ofar er talsverður áhugi fyrir pönksýningunni sem opnaði 19. september og er þegar í gangi hugmyndavinna í samstarfi við Molann um það hvernig vinna megi frekar með sýninguna.

Ljóst er að það húsnæði sem Tónlistarsafn hefur til umráða í dag takmarkar mjög sýningahald. Hvorki er hægt að hafa uppi fastar sýningar né leggja í mikinn kostnað við að „smíða“ sýningar. Verður safnið því að einbeita sér að vel undirbúnum sýningum, e.t.v. allt að fjórum yfir árið, þar sem einstökum en um leið fjölbreyttum þáttum tónlistarinnar verður sinnt. Þetta kallar á samstarf við Gerðarsafn um lán á sýningarskápum, og e.t.v. þarf í einstaka tilfellum að smíða skápa fyrir Tónlistarsafn.

Eftirfarandi eru nokkur þeirra fjölmörgu verkefni bíða Tónlistarsafns Íslands:

1. Tónlistarmannatal. Metnaðarfullar hugmyndir eru til um *Tónlistarmannatal* þar sem útgangspunkturinn eru tónleikaskrár sem safnið hefur hjá sér í hundraðavís. Of langt mál er að tala um uppbyggingu verkefnisins í þessari skýrslu, en þarna yrði miðlað á Netinu ómetanlegum upplýsingum um tónlistarlíf landsmanna - verkefni sem á sér enga fyrirmynd.
2. Skráning. Mikilvægt er að bókakostur safnsins verði skráður í gagnagrunn, hvort sem hann verður á Netinu eða aðeins til innanhússnota. Stærri langtímaverkefni er heildarskráning tónlistartengdra gagna í söfnum landsins.
3. Samstarf. Vinna þarf að frekara formlegu samstarfi við önnur söfn í landinu með millisafnalán í huga svo og frekari miðlun upplýsinga.
4. Forstöðumaður hefur hug á að heimsækja héraðs- og byggðasöfn í landinu til þess fá betri yfirsýn yfir þau tónlistartengdu gögn þar eru varðveitt.
5. Útgáfur. Safnið hefur huga á að vinna að útgáfum. Þegar hafa farið fram munnlegar þreifingar á útgáfu að *Appendix* Ólafs Brynjólfssonar, tónfræðirit frá 1755 sem aldrei hefur komið út. Handritið er nánast tilbúið til útgáfu í rannsóknnum Hrafns Sveinbjarnarsonar, forstöðumanns Héraðsskjalasafns Kópavogs.
6. Vinna að rannsóknum á sögu íslenskrar tónlistar í samvinnu við nemendur í hinu íslenska skólakerfi.
7. Fyrirhuguð er gítarsýning í nóvember, sem haldin verður í tengslum við gítarhátíð Björns Thoroddsens. Sýningin verður sett upp samvinnu Björns og nokkurra féлага hans, Tónlistarsafns og Molans og mun standa í hálfan mánuð. Fjöldi áhugasamra gítarleikara kemur að sýningunni og vinnur sterkur hópur í kringum Björn að skipulagningunni.
8. Fyrirhuguð er sýning á næsta ári um Sveinbjörn Sveinbjörnsson tónskáld, en umfang hennar ræðst af því hvort styrkir fást til hennar (sjá lið 3 bls. 2).
9. Á Kópavogsdögum 2010 verður lögð áhersla á Sigfús Halldórsson sem listamann. Komið hefur til tals að setja upp myndarlega sýningu í safninu af því tilefni.

Samstarf við Molann

Farsælt samstarf hefur verið við starfsmenn ungmennahússins Molans. Hugur er á því að þróa það samstarf til muna í framtíðinni.

Lokaorð

Starfsemi Tónlistarsafns Íslands farið myndarlega af stað. Fólk er að „uppgötva“ safnið eins og vaxandi fjöldi erinda sem safninu berast ber vitni um. Mikilvægt er að sú starfsemi sem þegar fer fram, sem og aukin verkefni fái að þróast á metnaðarfullan hátt inn í framtíðina.

Virðingarfyllt,

Bjarki Sveinbjörnsson

forstöðumaður